

UPPLÝSINGASTEFNA

Landsbyggð ehf.

1. gr. Grundvöllur og markmið

Upplýsingastefna Landsbyggðar ehf. er sett með það að markmiði að félagið veiti hluthöfum sínum og hagaðilum öðrum áreiðanlegar upplýsingar um rekstur félagsins og samstæðunnar á jafnréttisgrundvelli.

Helstu hagaðilar félagsins eru hluthafar, starfsmenn, lánveitendur, skuldabréfafjárfestar, aðrir fjárfestar, fjölmiðlar, birgjar og viðskiptavinir félagsins.

2. gr. Veittar upplýsingar

Á vefsíðu félagsins skulu birtar fjárhagslegar upplýsingar, svo sem ársreikningar félagsins og árs hlutareikningar ef við á.

Á vefsíðu félagsins skal jafnframt kynna helstu áherslur félagsins og verkefni.

Eftir útgáfu félagsins á skuldabréfum (skráðum sem óskráðum) skulu haldnir kynningarfundir fyrir skuldabréfaeigendur og aðra lánveitendur í kjölfar uppgjóra hjá félaginu. Kynningarfundir geta verið haldnir með rafrænum hætti.

Komi til þess að félagið gefi út skuldabréf sem skráð verði í Kauphöll, mun félagið birta opinberlega upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðum sem settar eru á því sviði.

Framkvæmdastjóri félagsins er talsmaður þess en í fjarveru hans skal stjórnarformaður vera talsmaður félagsins.

Framkvæmdastjóri getur veitt öðrum starfsmönnum afmarkaða heimild til að fjalla um málefni félagsins innan ramma upplýsingastefnu þessarar og þeirra laga og reglna sem um félagið og fjármálagerninga þess gilda á hverjum tíma. Beini hagsmunaaðilar fyrirspurnum til félagsins, skal það vera hlutverk framkvæmdastjóra félagsins að svara þeim.

3. gr. Samskipti

Félagið leggur áherslu á að eiga góð samskipti við alla hagsmunaaðila. Í þeim tilgangi er meðal annars leitast við að veita þeim aðstoð við umfjöllun um félagið. Fyrirspurnum sem varða rekstur félagsins verður svarað eins fljótt og unnt er.

Félagið mun að öllu jöfnu ekki tjá sig um orðróm og getgátur á markaði varðandi rekstur félagsins eða gang verkefna þess.

Framkvæmdastjóri félagsins, Leó Árnason (leo@landsbyggd.is), er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Hann getur veitt öðrum starfsmönnum félagsins tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar.

4. Ábyrgð

Stefna þessi tekur þegar gildi og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 22. desember 2025